



KVEÐJA FRÁ FORSETA ÍSLANDS

Saga Vestur-Íslendinga, för þeirra héðan á sínum tíma og landnám ytra, er merk og margslungin. Hún tilheyrir sameiginlegu minni þjóðarinnar og er svo sannarlega öflugur efniviður í skálaræður og skrif um þjóðrækni og þjóðarstolt, um land, þjóð og tungu. Fólk í áhrifastöðum minnst vesturfaranna þess vegna gjarnan með góðum hug á hátíðarstundum, þakkar frændrækni þeirra og hlýhug til „gamla landsins“.

Fræðilegar rannsóknir á þessari sögu lúta öðrum lögmálum, lausar undan viðjum lofs og viðhafnar. „Ég hef staðráðið með mér, elsku pabbi, að fara til Ameríku. Ég get ekki séð neina framtíð fyrir mig hér heima ...“ Þessi fáu orð Sigríðar Erlendsdóttur, sem sigldi vestur á sautjándá ári, bera með sér þunga sögu. Faðirinn viknaði þótt hann léti tilfinningar annars aldrei í ljós og barnungur bróðir, sem kvaddi ástsæla systur sína, grét hástöfum eins og hann rifjaði síðar upp, fullur trega. Vesturfarar, sem fóru frá fjölskyldu og vinum, hurfu þeim langoftast að fullu og öllu. Síðan gat fólk vissulega skrifast á en bréfin kölluðu oft en ekki fram söknuð eða heimþrá. Þetta er því öðrum þræði sorgarsaga.

Það var engin framtíð. Þau bitru sannindi sögðu og segja margt um þær ógöngur eða þann forsendubrest sem valdhafar í íslensku samfélagi höfðu skapað almúga í landinu. Þetta var að sjálfsögðu ekki séríslenskt fyrirbæri, hvaðanæva að úr Evrópu flyktist fólk vestur.

Þegar ungt fólk í álfunni gat flúið þau aumu örlög að eyða ævinni í vinnumennsku og strit hlaut það að hugsa sér til hreyfings. Framtíðin virtist fegurri vestra. Þar gat þó tekið við sama baslið. „Nýja Ísland“ var ekki paradís á jörð. Fræg eða alræmd smásaga Halldórs Laxness með því heiti var ekki svo fjarri sannni. Hungur, sjúkdómar og basl beið margra. Þeir sem fóru vestur söknuðu oft heimahaganna þrátt fyrir allt, í þessum nýja heimi með endalausar sléttur án fjalla og fossa fyrr en að Klettafjöllum var komið. Framhjá því ætti ekki heldur að líta að ráðamönnum vestra þóttu sumir Íslendinganna latir og lítt til stórræða fallnir. Erjur um trúmál eru svo sérkapítuli.

Allmargir vesturfarar kusu líka að vera utan Íslendingabyggða, taka upp nýtt nafn og nýja tungu, slíta öll tengsl við það „volaða land“ sem hafði brugðist þeim, land hafísa, vesaldar og dauða eins og Matthías Jochumsson leyfði sér að yrkja. Láí þeim enginn og eflaust er það verðugt rannsóknarefni – en vissulega erfitt – að hafa uppi á heimildum um þann hóp vesturfaranna sem hvarf í mannhafið og kanna hug afkomenda þeirra til íslensks uppruna síns. Áhugaleysi getur verið áhugavert.

Heimildir geta verið snúnar og vandfundnar. Aðeins örlítið brot vesturfarabréfa mun hafa varðveist eða vera tiltækt. Þessa staðreynd þarf að hafa í huga og meta hvort sá hluti endurspegli heildina eða hafi kannski geymt vegna þess að bréfiturum og afkomendum þeirra var óvenju annt um gamla landið.

Þá er auðvitað sérstakt rannsóknarefni hvaða hug vesturfarar báru almennt til síns gamla og horfna heimalands. Að sama skapi er fróðlegt að gaumgæfa hvaða skoðanir Íslendingar höfðu á þeim sem fóru á braut. Með nokkurri einföldun má segja að í þeim efnum takist á annars vegar heimþrá vesturfaranna og einlæg ættjarðarást, og hins vegar harður hugur til landsins sem virtist ekki geta brauðfætt fólkið sitt. Hér heima fyrir vegast á brigsli um uppgjöf og lof um þá sem þorðu að kveðja kóng og prest og freista gæfunnar, eða í það minnsta skilningur á því að þeir færu sem fara vildu. Öll þessi hughrif breytast síðan og mótast í árána rás.

Í Vesturheimi er íslenska dauð tunga. Örfáir Vestur-Íslendingar tala málið reiprennandi, einhverjir fleiri kunna hrafl í því eða orð á stangli. Við þessu var og er lítið að gera. Eftir standa vísbendingar og fróðleikur um þróun tungumálsins, draumaveröld samanburðarmálfræðinga. Og eftir stendur líka viðvörðun um örlög örtungu í stórum heimi. Fyrst stærri mál kæfðu hana vestra á sínum tíma, hvaða ógn steðjar þá að í alþjóðavæddum og rafrænum heimi okkar daga? Hnignun íslensku vestra var nær óumflýjanleg, hér heima höfum við val.

Með allt þetta í huga er rit um vesturíslenskt mál og menningu mikilvægt okkur Íslendingum, drjúgt framlag til rannsókna á sögu okkar og arfleifð. Og gleymum ekki heldur þessu í allri okkar köldu hlutlægni og vísindalegu fjarlægð frá viðfangsefninu: Við Íslendingar megum alveg ylja okkur við það að handan hafs vilja fjölmargir afkomendur vesturfaranna rækta tengslin við hina gömlu ættjörð forfeðra sinna og formæðra. Þetta hef ég sjálfur fundið, fyrst sem kennari ungmenna af íslenskum rótum sem komu hingað að fræðast um uppruna sinn hér og síðan í embætti forseta Íslands. Já, fræðafólki má hlýna um hjartarætur, og forsetum líka.